

Aðalfundur Snarfara, félags sportbátaeigenda

haldinn 23. jan. 2020

Formaður Kolviður Helgason setti fundinn og lýsti löglegan. Stakk upp á Finni Torfa Stefánssyni sem fundarstjóra og Pálinu E. Jónsdóttur sem fundarritara. Var það samþykkt. Vel var mætt á aðalfundinn.

Finnur Torfi spurði hvort einhver vildi mótmæla að löglega væri boðað til aðalfundar. Svo var ekki. Kynnti fyrsta lið skýrslu stjórnar.

Formaður fór yfir helstu atburði: Rekstur gekk vel. Engar stórframkvæmdir og 20 formlegir stjórnarfundir voru haldnir og fleiri óformlegir. Tekin var ákvörðun um að fara ekki í stórframkvæmdir. Einbeita okkur að viðhaldi og lagfæringum og innra starfi. Efla félagsstarf. – Útvistað bókhald var stirt og dýrt og mikil vinna. Eftir samráð var tekið í gagnið nýtt bókhaldskerfi hér. Félagaskrá var í rugli og mikil vinna að uppfæra og að ná vel til félagsmanna. Bara að hún sé rétt. Látið vita ef breytingar verða. Kerfið býður uppá margt í skráningum. Hrósa Jóhannesi sem lagði mikla vinnu í það, halla á engan með því. Eftir 1 ár lækkar kostnaður við bókhald um helming. Ekki er sjálfgefið að sinna þessu í sjálfböðastarfi. En verra að hafa einhvern úti bæ sem ekki þekkir til. Kerfið lofar mjög góðu. Gekk bærilega að senda reikninga í mars og gekk vel að leiðrétta það sem þurfti.

Með vori var náð í róðrarbátana. Keppt á sjómanna dag og búið að stofna róðrarhóp. Vorfundur var í maí og hreinsunardagur. Metþátttaka. Rvk og Veitur reisa dælustöð. Með fundum kom í ljós að þurfti að rýma stórt svæði. Fengum það í gegn að þeir þyrftu að borga rýmum og bættum við rafmagni og fleiru uppá 5 millj. Endar með að við fáum um 4 millj. Þar er t.d. nýr rafmagnsstofn á A bryggju og nýtt myndavélakerfi. Við stóðum við allt. Komum því inn að dýpka innsiglingarrennu strax. Er undirritað. Veit ekki betur en það sé í útboði að dýpka út og jafnvel að stækka höfn í einu verki.

Vorhátíð var haldin á sjómanna degi. Grillað, KK skemmti, sungið og dansað. Tókst mjög vel. Langar að heyra í ykkur hvort við höldum þessu áfram.

Ákveðið var að hafa engar stórframkvæmdir. Tókum út allar botnfestur í höfninni. A bryggja hékk á einni. Settum ný ból og keðjur á A bryggju. Úttekt á B og C bryggjum. C var í lagi og B að mestu í lagi. En pantaðar voru nýjar teygjur á hana. Mesta vinnan á svæðinu og allt reikningshald og skrár. Viljum stofna fjárfestingasjóð t.d. ef þarf bryggjur í stækkaða höfn. Gengið hefur ágætlega. 60 nýir félagsmenn komu á árinu. Álag á stjórn og aðra starfsmenn er mikið. Spurning hvort þetta er orðið of stórt fyrir sjálfböðaliðastarf eingöngu. Þarf þó 30-50% hækkun ef ráða á utanað komandi. En þá minnkar félagsstarf. En 5 manna stjórn verður bara hálfkák. Verktaka er nauðsynleg. Fleiri nefndir t.d. hafnarstjórn, fasteignir, svæðið. Þakka stjórn vel unnin störf. 5-10% félaga gera alls ekki neitt. Stærsti pósturinn er að fá gjöldin greidd og staðið við allt, skrifa þjónustu t.d. En 5-10% eru utanvið og alltaf þeir sömu. Vantar tillögur hvað við eigum að gera. Þeir sem borga aldrei neitt og nenna engu. Safna bátum sinna drauma sem verður oftast ekkert úr. Um allt svæðið eru fúnir bátar og sumir fyrst ef sett er út á. Erum hér á eftirsóttu svæði. Eigum ekki að safna drasli. Vantar tillögur um hvað við eigum að gera. Ég er búinn að vera formaður í 2-3 ár. Engin ástæða að ílengjast í þessu. Gott að fá nýtt blóð. Verð því ekki í framboði. Þakka stjórn og félagsmönnum, var skemmtilegt og gefandi.

Finnur þakkar formanni. Býður umræður um skýrsluna. Allir nema 5-10%. Vill enginn tala? Úr sal: Viljum bara klappa fyrir stjórn. – Klappað.

Jóhannes Valdemarsson gerir grein fyrir reikningum. Þar sem margir nýliðar eru hér vil ég útskýra aðeins. Eigið fé er uppsöfnuð eign. Inntökugjald er að jafna stöðu, að nýir félagar standi jafnfætis eldri sem byggðu upp. Afsaka málheltið sem er frá bernsku. Á forsíðu reiknings eru þeir sem unnu að þessu, efnisyfirlit yfir reikningar. Ég fer ekki yfir áritun. Hagnaður var liðlega 11 millj. Eignir alls tæpar

126 millj. Rekstrartekjur hafa hækkað. 60 nýir félagar. Bátagjöldin liðlega 18 millj. Aðrar tekjur um 8,5 millj. Jóhannes las úr reikningi ýmsar tekjur og gjöld og skýrði reikninginn. Vorhátíð t.d. Rekstrargjöld hafnar eru lagfæringar, viðhald húsnæðis, viðhald hafnarinnar, vaxtatekjur. Óregluleg gjöld og staða óreikningsfærðrar rafmagnssölu, en allt er fært á sama reikningsári. Fyrirframkostnaður eru framkvæmdir vegna Veitna eru nú 2 millj. Eftir að fá upp í 4 millj. Handbært fé er liðlega 20 millj. Svo eru þarna líka grindurnar og steinarnir utanum svæðið og bátana. Bryggjur eru afskrifaðar um 4% á ári, fasteignir um 5%, áhöld og tæki um 10%. Fasteignamat er 60 millj.

Höfnin er full en bjuggum til flakkara. Tóm stæði nýtt á þennan hátt. Þeir vita að hafa nafn og síma sjáanlegt til að rétthafinn geti látið vita ef hann vantar stæðið. En von er á stækkun. Síðasti liður í aðrar tekjur er vegna hliðs sem er ónýtt. Tekur því ekki að laga það. Öryggismiðstöðin taldi kosta um 100 þús. að laga það svo það fékkst frá VÍS vegna nýs hliðs, það þarf að færa neðar. Rekstur fasteigna er t.d. Hvammsvíkurbryggja. Allt er vegna þessa árs. Lögfræðikostnaður vegna ákveðins erfiðs félagsmanns. Töpuðum því máli. Endurnýjun tölvubúnaðar, skjáir, pappír, prenthylki. Í kaffikostnaður eru fleiri atriði, t.d. pítsur á starfsdögum, snittur í kvöld. Íslandsbanki fær 100 þús. í umsýslugjöld fyrir ekkert. Ætla að tala við þá. Sorpkostnaður er lægri. Þakka gott hljóð.

Finnur fundarstjóri: Þakka Jóhannesi reikninga og hafnarstjórn. Kannast ekki við málhelti. Virkilega góð störf.

Vaktasektir: Spurning úr sal, Keðjur á bryggjur spurning úr sal, Gullvagninn.

Jóhannes: Fleiri spurningar? Hagnaður af Gullvagni. Aukin vinna að halda utan um skilgreindan kostnað. Tekjur um 1 millj. Höfum ekki nýtt hann að fullu. Stundum staðið á vöggum. Á eftir að sanna sig.

Galvaniseraðar keðjur voru orðnar rýrar og allar botnfestur farnar. Eftir er þó að taka upp steinana og stóru keðjurnar, léttari steinar tilbúnir. Þarf að gerast í vor. Steinar voru líka á vitlausum stað. Miðað var við teygjurnar en ekki keðjur.

Jónas Hermannsson: Vöggur.

Jóhannes: Félagið flutti inn 6 vöggur. Seldi 3. Ætlum að eiga einhverjar til að leigja út. Vaktasektir voru færri, er 25 þús. á vakt. 40 vaktir ekki staðnar. Þyrfti annað fyrirkomulag á þeim.

Finnur: Ef enginn vill tala. Ber upp skýrslu stjórnar og reikninga saman. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Sigríður Jónsdóttir: Gjöld, tillögur til aðalfundar. Verði að mestu óbreytt, nýr flokkur 12 metrar og stærri. Flökkustæði kosta sama og bryggjustæði á B, Vöggur í vikuleigu. Inntökugjöld hækki í 88 þús., árgjald í 11 þús., aðstöðugjald það sama. (hér á eftir er birt gjaldskráin nýja):

Gjaldskrá 2020-2021

Vinsamlega athugið. *Skemma er ekki leigð út og fellur því út af gjaldskrá. Allir bátaeigendur með aðstöðu taka tvær næturvaktir á ári. Vaktabók er frammí félagsheimili.* Stjórn Snarfara ákvað á stjórnarfundum 29. janúar 2020. Vetrarseta utanfélagsbáta á landi yfir vetrartímamann er ákveðin 100.000 kr. Stærri erlendir skemmtibátar sem hafa vetrarsetu á svæði greiða 200.000 kr. Félagsmenn sitja alltaf fyrir með aðgang að stæðum og rafmagni. Utanfélagsmenn fá ekki lykla af svæðinu heldur eru bundnir almennum opnunartíma þess. Traktor og hífingarbúnaður skal notast á hafnarsvæði eingöngu, ekki má háþrýstipvo báta í hífingarvagni vegna hættu á skemmdum. Ekki er ætlast til að bátar séu geymdir í hífingarbúnaði. - Breyting gjaldskrár tekur strax gildi.

Félagsgjald	11.000
Aðstöðugjald að 12m	35.000
Aðstöðugjald 12m + Gjald fyrir báta, allt árið á landi (upplýsingar hjá stjórn)	45.000 20.000
Inntökugjald	88.000
Inntökugjald að uppfylltum ákveðnum skilyrðum	44.000
A-bryggja bátar 10 – 12 metrar	70.000
A-bryggja stór stæði 12 og stærri	85.000
A-bryggja stæði að 10 metrum	55.000
B-bryggja og C-bryggja vestur	46.000
C-bryggja austur	36.000
Aukalyklar	1.500
Aukalyklar-sekt fyrir að skila ekki eldri lykli	1.000
Traktor (félagsmenn)	6.000
Traktor og hífingarbúnaður fyrir báta félagsmanna	20.000
Traktor og hífingarbúnaður fyrir utanfélagsmenn	30.000
Rennugjald utanfélagsmenn	10.000
Traktor fyrir utanfélagsmenn	12.000
Þvottagjald utanfélagsmenn	10.000
Vaktasekt (vakt ekki staðin)	25.000
Dagsekt við bryggju (eftir lokun hafnar)	1.000
Daggjöld á landi	2.500
Daggjöld við bryggju	3.000
Snarfara fáni til að hafa um borð eða heima	3.000
Afnot af rafmagnsmæli (árgjald)	10.000
Rafmagn: 1 KWst. samkv. álestri mælis	18
Utanfélagsbátar. Aðstöðugjald með vetursetu á landi	100.000
Stærri erlendir skemmtibátar með vetrarsetu á landi	200.000

Fundarstjóri fer yfir breytingar á gjaldskrá, þau sem ákveðin eru á aðalfundi.

Úr sal: Hvað er átt við með stærri báta en ekki bara breidd eða fermetra.

Kolviður Helgason: 12 m eru flestir líka breiðari, þarf sérlausnir, of lítil plássin. Við stækkun hafnar þarf að búa til breiðari og dýpri stæði. Þurfum að undirbúa bátastækkun. Það þarf nú að fækka stæðum á A bryggju um 1 stæði, þurfum að ná inn uppí. Í raun þurfa gjöld að hækka um 100%. Reynum því að hækka um vísitölu. T.d. þurfum við að borga meira fyrir allt. Gott líka að safna, svo ekki þurfi að skulsetja félagið. Þurfum líka að gera við bryggjur, nýja útleggjara á C t.d. Erfitt að standa í því að fá lánað. Ekki góð staða til að safna fyrir framkvæmdum en hægt og sígandi.

Finnur fundarstjóri. Aðeins 1 bátur er stærri en 12 m. Hann bar gjaldskrána upp. Samþykkt samhljóða.

Næst kynnti fundarstjóri kosningar í stjórn o.s.frv.:

Stjórnin leggur til Kristján M. Gunnarsson sem formann, engin mótframboð. Sjálfkjörinn.

Kosning tveggja meðstjórnenda til tveggja ára. Tillaga: Vigfús Kröyer og Jóhann Rúnar Guðbjarnason. Sjálfkjörnir.

Kosning eins meðstjórnanda til eins árs. Tillaga: Kolviður Helgason. Sjálfkjörinn.

Kosning þriggja varamanna í stjórn. Tillaga: Jóhannes Valdemarsson, Ásgeir Jamil Allansson og Kristján Kristjánsson. Sjálfkjörnir.

Kosning tveggja félagskjörinna endurskoðenda. Tillaga: Finnur Sveinbjörnsson og Ottó H. Guðmundsson. Sjálfkjörnir.

Finnur fundarstjóri kynnir síðasta lið: Önnur Mál.

Fundarstjóri gerir tillögu varðandi vanskilamenn. Mæli með að sýslumanni verði falið uppboð. Ein leið.

Sigríður Jónsdóttir: Félagaskráin. Vinsamlega leiðréttið hana ef með þarf, mikilvægt að hafa hana rétta.

Jóhannes: Er rétta leiðin, sýslumaður. Símon fékk upplýsingar um þá aðferð. Ég á eftir að setja mig inn í þetta.

Kolviður: Þakka kosninguna í stjórn. Hér er hrakfallasaga. 400 í klúbbum, megnið eru mjög góðir félagar. Ákváðum nokkrir að fara í Hvammsvík. Spáði dúnalogni. 7 bátar lögðu af stað, 4 fyrripart. Lenti í brælu í Hvalfirði. Glaður við innkomu í Hvammsvík, en óheppni að fá kaðaldræsu í skrúfunu, við það dróst stýrið úr og sjór flæddi inn. Heppni að félagar voru nærri en mikið rok. Tóku á móti mér, mikil slagsmál við veðrið. Hjálpuðu mér að koma bátnum í skjól uppi í fjöru kl. 19:30. Flottur samtakamáttur. Hringdi í einn sem kom með vagninn. Þetta reddaðist allt en að vera í svona klúbb er ómetanlegt. Stend í ævarandi þakkarskuld. Þakka opinberlega fyrir hjálpina. Mæli með að við finnum þessa draugaspotta.

Úr sal: Þekki dæmi um draugaspotta í kræklingarækt fyrrverandi. Engin ráð. Eign þeirra.

Kolviður: Við eigum aðstöðuna þarna. Lendi sjálfur í hækku á bryggjugjöldum. Hvaða ráð eru með reiðileysisbáta. Getum við leyft okkur svona. Viljum taka á þessu. Byggð að koma nær. Líðst þá ekki ruslsöfnun.

Finnur: Orðið laust.

Eyvindur: Erum í byggð, ekki ruslahaugur og slippur, heldur snekkjuhöfn. Stjórn falið óskorað vald til að leysa þetta. Okkur til vansa.

Hallgrímur: Stjórnin hefur mikið að gera. Er hægt að stofna nefnd.

Tillaga: Aðalfundur Snarfara haldinn 23. Janúar 2020 felur stjórn að snúa sér einarðlega að því að hreinsa burt báta í vanhirðu og annað drasl af félagssvæðinu og stofna sérstakan starfshóp til að vinna að því verki. – Samþykkt samhljóða.

Jónas Hermannsson: Hver ákveður hvað er rusl?

Finnur fundarstjóri: Átt er við óskilabáta.

Magnús: Er ekki refsigjald?

Finnur fundarstjóri: Vandinn er að ekki er borgað. Ekki raunhæft að finna lausn á fundinum.

Jóhannes: Alveg er ljóst að þetta er siglingaklúbbur. Ef eitthvað er ósjóhæft, ekki hreyft í árafjöld. Þeir eiga að fara héðan. T.d. gerir Reykjavík kröfur um snyrtlegt svæði. Þeir sem ætla ekki á flot fari. Verður að taka á þessu.

Úr sal: Skilgreina þarf hvað megi geyma hér lengi.

Erlingur Hauksson: Hvaða reglur gilda í löndunum í kring?

Kolviður: Góð hugmynd. Skipum í nefnd til að fara í gegnum þessi mál. Hvað megi vera hér uppi á landi, Jú bara þeir sem sjósetja í hvert skipti, hafa ekki bryggjustæði. En þeir sem eru vélarlausir og ónýtir á allan hátt, fara aldrei á flot. Gott að fá nefnd til að skilgreina hvað er hvað.

Úr sal: Bátur getur verið notaður reglulega en metinn ljótur.

Eyvindur: Einurð og hörku.

Markús: Hef verið viðloðandi hér í sumar. Langar að skora á stjórn að setja flotbryggju við rampinn.

Hallgrímur: Á árum áður átti að stækka höfn en fékkst ekki. Ánægja með að eigi að stækka.

Úr sal: Sundabraut, lágbrú, hvað verður?

Brynjar Kærnested: Vantar stuðning í Hvammsvík. Átti ekki að lengja Viðeyjarbryggju.

Kolviður. Bara ekki komið því í verk. Efnið er tilbúið hér, þarf að ganga í það. Stóð til í Hvammsvík en þá versnaði veðrið. Er verkefni.

Úr sal: Getur Snarfari fengið stæði í Reykjavíkurhöfn?

Jóhannes: Sundabraut. Liggur fyrir. Erum með 50 ára samning. Skriflegt að hausinn fer utar.

Norðaustan áttin yrði þá verri, t.d. á A bryggju. Á síðasta fundi fengum við samþykktan viðauka, að settur verði brimbrjótur. 50 ára samningur eilífðarsamningur. Búið er að byggja fyrir innri leið.

Úr sal: Er dagsett með framkvæmdir?

Kolviður: Dælustöðin kemur. Var bara hönnunargalli sem frestaði verki.

Úr sal: Er hægt að hafa félagaskrá aðgengilega á netinu og að menn geti breytt henni sjálfir þar.

Brynjar Kærnested: Er hugað að lengri samning í Hvammsvík.

Kolviður: Ekki verið rætt.

Jóhannes: Látið hafnarstjóra vita um breytingar. T.d. eigendaskipti. Bókhaldskerfið er aðlagað að félaginu. Hvet alla sem hafa ekki merkt bátana að gera það. Öllum er úthlutað systemi, hægt að leita eftir nafni, númeri, bát. Nýtt eyðublað liggur frammi um eigendaskipti.

Markús: Þessi sem á stæðið. Flakkarastæði. Takmarka á stæðiseign, ef menn nota það aldrei. Ætti að vera látið vita ef ekki á að nota. Stæðið er notað þá til endurleigu. Þakka Kolviði góð störf.

Finnur fundarstjóri: Gef nýjum formanni orðið.

Kristján M. Gunnarsson: Bið nýja menn í stjórn að fylgjast með pósti. Höldum fund bráðlega og kanna með nefndir. Myndavél verður sett á skúrinn við dæluna til að vakta rennu. Þeir sem vilja vinna með okkur hafi samband. Þakka öllum og slít fundi.